



Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Útgarði 1, 640 Húsavík • syslumenn.is • nordurlandeystra@syslumenn.is • kt.680814-0820 • sími 458-2600

Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.
nefndasvið@althingi.is

Húsavík 3. maí 2019


Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, með síðari breytingum (stjórnvaldssektir og eftirlit með gististarfsemi).

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur kynnt sér fyrirbyggjandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007. Meðal þeirra lagabreytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu eru breytingar sem miða að því að samræma málsmeðferð og ákvörðun sekta vegna skráningarskyldrar heimagistingar annars vegar og rekstrarleyfisskyldrar gististarfsemi hins vegar. Markmiðið með breytingunni er að tryggja að sambærileg brot hljóti samskonar meðferð hvort sem um er að ræða skráningarskylda eða rekstrarleyfisskylda starfsemi. Þá er markmiðið einnig að flýta málsmeðferð og draga úr kostnaði.

Embættið tekur undir mikilvægi þess að málsmeðferð vegna brota á rekstrarleyfisskyldri og skráningarskyldri starfsemi sé samræmd. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hægt sé að fela einu embætti sýslumanns að taka ákvörðun um stjórnvaldssektir vegna leyfisskyldrar starfsemi, en að útgáfa rekstrarleyfa verði þó enn á hendi allra sýslumanna. Að mati embættisins verður markmiðum frumvarpsins best náð með því að rannsóknar- og viðurлагаheimildir séu í höndum hvers og eins embættis heima í héraði, enda hefur hvert embætti fyrir sig besta yfirsýn yfir mál innan síns umdæmis, þar sem það fer með útgáfu leyfanna og býr auk þess að staðbundinni þekkingu sem máli kann að skipta.

Ástæða er til að benda á að óvíst er hvort hægt verði að framfylgja rannsóknarskyldu með fullnægjandi hætti á öllu landinu ef einu embætti verður falið að taka ákvarðanir um stjórnvaldssektir um land allt, enda er nærtækast fyrir hvert embætti að sinna rannsóknarskyldu í sínu umdæmi. Þá er ljóst að ef eitt sýslumannsembætti hefur verkefnið með höndum, er það embætti ávallt háð öðrum embættum varðandi upplýsingar og aðra vinnslu þessara mála og er það síður til þess fallið að flýta málsmeðferð. Þá er rétt að benda á að á vegum Sýslumannaráðs er starfandi fagråd um leyfisveitingar sem hefur með höndum samræmingarhlutverk í málaflokknum og því auðsótt mál að samræma verkferla allra embætta.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra


Bryndís Héðinsdóttir, fit.

